



Alþingi
Erindi nr. P 127/813
komudagur 20.2.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2001
IG/KSG/012/02

Efni: Umsögn um þingsályktun um unglingsmóttöku og getnaðarvarnir, nr. 317.

Tillögunni fylgir fróðleg greinargerð, þar sem rakin eru helstu heilsufarslegu vandamál sem tengjast ungu fólki og úrræði þau sem í boði eru. Þar kemur fram að heilsutengd vandamál unglunga hér á landi eru allvel skilgreind af hálfu heilbrigðisyfirvalda en hefur lítið verið sinnt á þann hátt innan heilsugæslu eða heilsuverndar að höfði til unglunga. Bent er á góða reynslu af sérstakri móttöku unglunga á Heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði og heilsugæslustöðinni á Akureyri. Ítarleg umfjöllun er um nauðsyn þess að efla fræðslu og ráðgjöf um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir meðal unglunga með tilvísan í skýrslu starfshóps á vegum heilbrigðisráðherra frá árinu 2000.

Á Íslandi hefur tekist vel að halda úti öflugri heilsuvernd sem nær til ungbarna og allgóð skólaheilsugæsla hefur víðast verið iðkuð. Þetta endurspeglast í lágum ungbarnadauða og almennt góðri heilsu íslenskra barna. Slysátíðni íslenskra barna, einkum drengja, hefur verið aðaláhbyggjuefnið hin síðustu ár og verið reynt að sporna við með fræðslu. En þegar börnin verða eldri dregur úr þessum heilsuverndaráherslum í lífi þeirra og hendinni er nánast sleppt af þeim um fermingaraldurinn. Afleiðingarnar eru líka alveg ljósar. Á Íslandi er geðheilbrigðismálum meðal ungmenna lítt sinnt og sálfélagslegur stuðningur er lítill sem enginn. Unglingsstúlkur verða hvergi fleiri barnshafandi en hér og unglingspiltar taka líf sitt hér fleiri en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni.

Í nýlegri skýrslu um börn og ungmenni með geðræn vandamál og þjónustu við þau utan stofnana sem gerð var að tilstuðlan Landlæknisembættisins og kom út í maí 2000 var einmitt lögð sérstök áhersla á heilsuverndarsjónarmið hvað unglunga varðar og að teygja þyrfi heilsuverndarstarf upp öll skólaárin. Sérstaklega var litið til þess að sum lönd hafa sett sérstök lög til að mæta betur þörfum ungs fólks til menntunar og heilbrigðisþjónustu. Í skýrslunni koma einnig fram margar ábendingar sem allar lúta að bættum stuðnings- og meðferðarmöguleikum barna og ungmenna á flóknu uppvaxtarskeiði í síbreytilegu þjóðfélagi. Á vegum landlæknisembættisins hefur einnig starfað sérstök nefnd sérfræðinga sem hefur það hlutverk með höndum að koma með ábendingar um leiðir til úrbóta á heilsuvandamálum unglunga.


Hafa þarf í huga að viðhorf ungs fólks til heilbrigðisþjónustu eru með sérstökum hætti einkum vegna þess að unglingar átta sig oft ekki á eigin þörf fyrir heilbrigðisþjónustu.

Unga fólk þekkir lítið hvaða þjónustu heilsugæslan veitir og veit ekki hvernig á að nýta sér hana. Staðsetning heilsugæslu og opnunartímar eru ekki miðaðir við lífsstíl ungs fólks og kostnaður við heimsóknir dregur úr áhuga. Þá er viss ótti meðal ungmenna við að trúnaðar við þau verði ekki gætt og að trúnaðarupplýsingar geti farið til foreldra.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hvatt ríki heims til að leggja áherslu á að skólastarf verði skipulagt með hliðsjón af hvatningu til heilsueflandi hegðunar (Health promoting school). Heilsugæsla meðal nemenda er mikilvægur þáttur þess. Ungmenni glíma við ýmsan heilsufarsvanda og þurfa stuðning fagfólks í heilbrigðisþjónustu til að leysa úr slíkum vanda. Margt bendir til þess að æskilegt sé að nálgast ungt fólk á þeirra vettvangi þ.e. í framhaldsskólum eða í sérstökum unglingamóttökum. Þannig megi efla fræðslu og draga úr heilsuvandamálum.

Unglingamóttökur við heilsugæsluna í Reykjavík og ódýrar og aðgengilegar getnaðarvarnir fyrir ungmenni eru skref í átt til heilsueflingar. Þessari tillögu ber að fagna og jafnframt að óska eftir svipuðum úrræðum í tengslum við stærstu framhaldskóla landsins í þéttbýli og dreifbýli.

Virðingarfyllt,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri